



Umsögn

Efni: Breyting á reglum um fjárhagsaðstoð til bráðabirgða vegna IPS-verkefnisins

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir umsögn Fjármála- og áhættustýringarsviðs á tillögu Velferðarsviðs á tímabundinni breytingu á reglum um fjárhagsaðstoð vegna svokallaðs IPS-verkefnis sem er starfsendurhæfingarúrræði. Um er að ræða einstaklingsmiðað úrræði með það að markmiði að stuðla að því að einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg fái aukinn stuðning við atvinnuleit og á vinnustað og að vinnuheldni aukist hjá nefndum hópi. Tillaga Velferðarsviðs felur í sér að samþykkja ákvæði til bráðabirgða við reglur Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð¹ sem er svohljóðandi:

„Þeir einstaklingar sem taka þátt í tilraunaverkefni IPS (Individual Placement Support) eiga rétt á undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 12. gr. hvað varðar frádrátt tekna við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Heimilt verður að veita undanþágu vegna atvinnutekna sem nema allt að 50.000 kr. á mánuði. Tilraunatímabilið mun standa frá 1. júlí 2019 til 31. desember 2019.“

Umsögn

Í greinargerð með tillögunni er greint frá því að innleiðing verkefnisins hafi hafist á Velferðarsviði í marsmánuði á þessu ári og muni standa yfir í tvö ár. Til að auka hvata einstaklinga til atvinnuþátttöku sem lengi hafa verið á fjárhagsaðstoð til framfærslu er lagt til að framfærsla þeirra sem fara út á vinnumarkað í gegnum IPS-verkefnið verði ekki skert, krónu á móti krónu eins og nú er gert ráð fyrir í reglum Reykjavíkurborgar. Er hér vísað til 1. mgr. 12. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, með síðari breytingum, en þar er kveðið á um hvað skal miða við þegar fjárhæð fjárhagsaðstoðar er ákvörðuð. Kemur þar til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar allar tekjur einstaklings og maka í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinum á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsaleigu eða vaxtabóta. Þá reiknast mæðra- og feðralaun umsækjanda til tekna. Með tekjum er átt við allar tekjur einstaklings og maka sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna, hvort sem hann hefur skilað minnisblaði atvinnuleitanda eða ekki nema framvísað sé læknisvottorði.

Í tillögu Velferðarsviðs er lagt til að atvinnutekjur allt að 50.000 kr. á mánuði verði undanskyldar frádrætti fjárhagsaðstoðar til að auðvelda einstaklingum að taka skrefið út á hinn almenna vinnumarkað, vera fjárhagslegur hvati og til þess að auka atvinnuheldni hópsins. Tilraunin er hugsuð til sex mánaða og verði árangur metinn að þeim tíma liðnum, bæði einstaklingsmat og mat á verkefningu

¹ Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, samþykktar í velferðarráði þann 17. nóvember 2010 og tóku gildi þann 1. janúar 2011, með síðari breytingum. Sjá vefslóð:

https://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/VEL/reglur_um_fjarhagsadstod.pdf



í heild. Munu að hámarki 25 einstaklingar taka þátt í verkefninu á hverjum tíma og þurfa þeir að hafa þegið fjárhagsaðstoð að lágmarki í 6 mánuði á síðastliðnum 12 mánuðum.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að áætlaður kostnaður við verkefnið nemi að hámarki 1,25 m.kr. á mánuði eða 7,5 m.kr. á sex mánaða tímabili að því gefnu að 25 notendur verði þátttakendur í verkefninu á hverjum tíma yfir allt tímabilið. Kostnaðaraukinn við verkefnið sé því aðeins þær 50.000 kr. á hvern notanda á mánuði í þá sex mánuði sem bráðabirgðaákvæðið gildir.

Fram kemur í greinargerð Velferðarsviðs að hámarks framfærslustyrkur frá Reykjavíkurborg sé nú 201.269 kr. á mánuði pr. einstakling og getur því hver notandi haft allt að 251.268 kr. á mánuði í framfærslu án þess að til komi skerðing vegna fjárhagsaðstoðar. Hjón og fólk í sambúð geti haft allt að 372.028 kr. á mánuði án skerðingar. Telur Velferðarsvið að spara megi um 60 milljónir króna á ári ef notendur verkefnisins færu allir á endanum út á vinnumarkað og þyrftu þar með ekki lengur á fjárhagsaðstoð að halda til framfærslu. Telur Velferðarsvið því að ávinningur verkefnisins yrði til framtíðar litið mikill með tilheyrandi sparnaði. Gert er ráð fyrir að tveir starfsmenn muni starfa sérstaklega við verkefnið, annars vegar verkefnastjóri í 50% starfshlutfalli og hins vegar atvinnuráðgjafi í 100% starfshlutfalli. Ekki er um aukinn kostnaðarauka að ræða varðandi ráðningu starfsmanna til verkefnisins.

Niðurstaða

Tillaga Velferðarsviðs felur í sér breytingu á reglum um fjárhagsaðstoð til bráðabirgða í sex mánuði eða þann tíma sem tilraunverkefnið stendur yfir. Reglubreytingin felur í sér kostnaðarauka sem nemur um 7,5 milljónum króna á tímabilinu, eða frá júlí til desember 2019. Ekki er um aukinn kostnaðarauka að ræða varðandi ráðningu starfsmanna til verkefnisins.

Að mati fjármála- og áhættustýringarsviðs er ekki um umtalsverðan kostnað að ræða vegna verkefnisins eins og það liggur fyrir og að teknu tilliti til þeirra gagna sem lögð hafa verið fram. Eru því ekki gerðar athugasemdir við þann kostnað sem af verkefninu leiða. Fjármála- og áhættustýringarsvið fagnar því að verið sé að leita leiða til að draga úr kostnaði vegna fjárhagsaðstoðar til framfærslu einstaklinga, til framtíðar litið, og lýsir yfir stuðningi sínum við verkefnið.

Halldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs